

Mánudaginn 16. febrúar 1944.

Nr. 108/1943. **Valdstjórnin** (Stefán Jóh. Stefánsson)

gegn

Friðrik Sigfússyni (Sigurður Ólason)

og

Siegfried Hauki Björnssyni

(Ólafur Þorgrímsson).

Brot á reglum um sölu og úthlutun matvöruhegunda.

Dómur hæstaréttar.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó svo, að sekt hvors hinna kærðu verði 600 krónur, og komi 20 daga varðhald í stað sektar hvors þeirra, verði þær eigi greiddar innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærðu greiði hvor sinum verjanda fyrir hæstarétti málflutningslaun, kr. 200.00. Svo greiði þeir og in solidum allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda fyrir hæstarétti, kr. 300.00.

Því dæmist rétt vera:

Kærðu, Friðrik Sigfússon og Siegfried Haukur Björnsson, greiði hvor um sig 600 króna sekt til ríkissjóðs, en sæti hvor þeirra 20 daga varðhaldi, ef þeir greiða ekki sekt sína innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Málkostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms á að vera óraskað.

Kærði Friðrik Sigfússon greiði skipuðum verjanda sínum fyrir hæstarétti, Sigurði Ólasyni hæstaréttarlögmanni, málflutningslaun kr. 200.00. Kærði Siegfried Haukur Björnsson greiði skipuðum verjanda sínum fyrir hæstarétti, Ólafi Þorgrímssyni hæstaréttarlögmanni, málflutningslaun kr. 200.00. Kærðu greiði in

solidum allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflytningu skipaðs sækjanda fyrir hæstarétti, Stefáns Jóhanns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 300.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 29. júní 1943.

Ár 1943, þriðjudaginn 29. júní, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu sakadómara af fulltrúa hans Valdimar Stefánssyni, uppkveðinn dómur í málinu nr. 1291—1292/1943: Valdstjórnin gegn Friðrik Sigfússyni og Siegfried Hauk Björnssyni, sem tekið var til dóms 18. sama mánaðar.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Friðrik Sigfússyni verkstjóra Brávallagötu 24 og Siegfried Hauk Björnssyni verzlunarmanni Miðtúni 4 fyrir brot gegn reglugerð nr. 159 18. september 1940, um sölu og úthlutun nokkurra matvörutegunda, sbr. lög nr. 37 12. júní 1939.

Kærðir eru komnir yfir lögaldur sakamanna og hafa sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

Friðrik Sigfússon:

- 1922 $\frac{5}{12}$ Sátt á Ísafirði, 50 kr. sekt fyrir ölvun.
 1929 $\frac{2}{3}$ Sátt í Reykjavík, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1929 $\frac{2}{12}$ Sátt í Reykjavík, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1930 $\frac{2}{3}$ Sátt í Reykjavík, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1930 $\frac{1}{4}$ Sátt í Reykjavík, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1931 $\frac{7}{5}$ Sátt í Reykjavík, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1928 $\frac{1}{7}$ Sátt á Siglufirði, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Siegfried Haukur Björnsson:

- 1920 $\frac{2}{12}$ Sátt, 5 kr. sekt fyrir ljósleysi á reiðhjólí.
 1930 $\frac{1}{10}$ Viðtók f. h. Raftækjaverzlunar Íslands 100 kr. sekt fyrir brot á lögum nr. 11 1928.
 1932 $\frac{4}{5}$ Dómur hæstaréttar, 20 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir brot gegn 2. mgr. 113. gr. hegningarlaga og 1. og 2. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
 1933 $\frac{1}{5}$ Kærður fyrir meintan vopnaburð. Rannsókn málsins gaf ekki tilefni til málsóknar.
 1935 $\frac{2}{16}$ Dómur hæstaréttar, 5 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir brot gegn 101. og 113. sbr. 52. gr. hegningarlaga og 1. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur, með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaga.
 1936 $\frac{1}{4}$ Kærður af Guðjóni Bjarnasyni fyrir meint svik. Látið falla niður skv. nánari upplýsingum.

- 1936 $1\frac{1}{2}\%$ Kærður fyrir að gefa út vegna h/f Ispan ávísun kr. 7.00 á enga innstæðu. Ávísunin var greidd og frekari aðgerðir í málinu niður felldar, sbr. 258. gr. hegnl.
- 1938 $2\frac{1}{2}\%$ Kærður fyrir að gefa út tékkávísun á ónóga innstæðu. Málið féll niður.
- 1938 $\frac{3}{11}$ Kærður af Önnu Friðriksson fyrir illt orðbragð í síma nr. 2756 að næturlagi. Afgreitt með utanréttar áminningu.

Málavextir eru þessir:

Hinn 25. október 1940 fékk Friðrik Sigfússon innkaupaleyfi fyrir 6000 kg af sykri til söltunar á hrognum. Skömmu síðar keypti hann 132 poka af strásykri og voru 45 kg í pokanum. Um áramót 1941—1942 tók Siegfried Haukur 120 poka af sykri þessum til geymslu fyrir Friðrik í hús sitt Miðtún 4. Friðrik skuldaði Siegfried Hauki þá 4000 krónur, og samdist svo með þeim munnlega, að Siegfried Haukur hefði sykurinn að handveði fyrir skuld þessari. Vorið 1942 þurfti Siegfried Haukur að rýma herbergi það, sem sykurinn var geymdur í, og einnig að fá skuldina greidda. Þetta tjáði hann Friðrik, og sagði Friðrik honum þá, að hann skyldi ráðstafa sykrinum og fá greiðslu skuldarinnar af andvirði hans. Ekki minntist Friðrik á nein skömmtunarskilríki í sambandi við ráðstöfun sykursins.

Síðan seldi Siegfried Haukur Jóni Kjartanssyni, forstjóra seltgætisverksmiðjunnar Vikingur, allan sykurinn, 120 poka, án þess að fá nokkur skömmtunarskilríki fyrir. Með þessu atferli hafa báðir hinir kærðu að álitu réttarins brotið 1. gr. reglugerðar nr. 159 1940, og ber að ákveða þeim refsingu eftir 17. gr. sömu reglugerðar sbr. 2. gr. laga nr. 37 1939. Þykir refsing hvors hæfilega ákveðin 1000 króna sekt til rikissjóðs, og komi varðhald í 35 daga í stað sektanna, verði þær eigi greiddar innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærðan Siegfried Hauk ber að dæma til að greiða málsvarnarlauk skipaðs verjanda síns, hrl. Ólafs Þorgrímssonar, kr. 200.00, en allan annan kostnað sakarinnar skulu þeir greiða in solidum.

Rekstur málsins hefur verið vitalaus.

Þvi dæmist rétt vera:

Kærðir, Friðrik Sigfússon og Siegfried Haukur Björnsson, greiði hvor 1000 króna sekt til rikissjóðs, og komi varðhald í 35 daga í stað hvorrar sektar, verði þær eigi greiddar innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærður Siegfried Haukur greiði málsvarnarlauk skipaðs verjanda síns, hrl. Ólafs Þorgrímssonar, kr. 200.00, en allan annan kostnað sakarinnar greiði báðir hinir kærðu in solidum.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.